



Áætlun
Menntaskólans á Tröllaskaga gegn
einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi
(EKKO)

Samþykkt 28. apríl 2025

Efnisyfirlit

Markmið	3
Ítarlegra:	3
Skilgreiningar og birtingarform	5
Tilkynningarskylda til lögreglu vegna alvarlegra atvika í skólasamfélaginu	5
Ítarlegra:	8
Almennt um einelti, áreitni og ofbeldi	8
Forvarnir	10
Einelti	11
Dæmi um birtingarmyndir eineltis:	11
Starfsfólk og starfstengdar athafnir	11
Starfstengdar athafnir	11
Félagsleg útskýfun	11
Særandi stríðni og niðurlæging	11
Vísbendingar um einelti	12
Sálrænar afleiðingarnar- dæmi:	12
Líkamlegar afleiðingar- dæmi:	12
Áreitni	13
Kynferðisleg áreitni	13
Dæmi um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni:	13
Kynbundin áreitni	13
Dæmi um kynbundna áreitni getur verið:	14
Ofbeldi	15
Kynferðis- og ofbeldisbrot	15
Ef nemandi verður fyrir kynferðis- eða ofbeldisbroti í skólastarfi	16
Ef starfsmaður verður fyrir kynferðis- eða ofbeldisbroti í skólastarfi	17
Kynferðis- eða ofbeldisbrot utan skólastarfs	17
Viðbragðsáætlun	18
Tilkynning	18
Óformleg vinnsla	
ef upp kemur grunur en ekki búið að setja í formlegan farveg eða vinnslu	19
Ítarlegra:	19
Formleg vinnsla	
þegar formleg tilkynning kemur inn og/eða ákvörðun tekin um formlega vinnslu í fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga	21
Ítarlegra:	21
Ferli vegna starfsfólks	23
Tilkynning	23
Óformleg málsmeðferð	24
Formleg málsmeðferð	24
Upplýsingagjöf	24
Rannsókn máls	24
Aðgerðir	24

Eftirfylgni	25
Gildistími og ábyrgð	26
Gagnlegt efni	27
Heimildir	29

Markmið


- Að tryggja öruggt og jákvætt skólaumhverfi fyrir alla nemendur og starfsfólk.
- Að grípa til samræmdra og skilvirkra aðgerða gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi. Höfð er hliðsjón af og samræmdur inn í þessa áætlun Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla í EKKO málum nemenda (*EKKO stendur fyrir einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi og verður hér eftir vísað til þess sem EKKO*)
- Að tryggja stuðning við þolendur og veita viðeigandi viðbrögð gagnvart gerendum.

Ítarlegra:

Starfsfólk og nemendur Menntaskólans á Tröllaskaga taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og öðru ofbeldi. Tekin er skýr afstaða til þess að slík hegðun er ekki liðin á vinnustaðnum og telst brot á starfsskyldum. Lögð er áhersla á að allir njóti virðingar í námi og starfi og fái að njóta sín í öllum samskiptum. Skulu gildi Menntaskólans, frumkvæði, sköpun og áræði, höfð að leiðarljósi í öllum samskiptum auk gagnkvæmrar virðingar, trausts, jafnræðis og uppbyggilegrar endurgjafar.

Starfsfólk skólans skal sérstaklega vera meðvitað um að vakni grunur um EKKO innan skólans ber því skylda til að koma málum strax í viðeigandi farveg samkvæmt stefnu þessari.

Ef málið varðar nemenda eða nemendur yngri en 18 ára ber að huga að tilkynningaskyldu til barnaverndar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Ef málið fer í formlega vinnslu innan veggja skólans skulu foreldrar umrædds nemanda eða nemenda yngri en 18 ára alltaf upplýstir.



Skilgreiningar og birtingarform

- **Einelti:** Sífendurtekin hegðun sem veldur vanlíðan hjá þolanda.
- **Kynferðisleg áreitni:** Óvelkomin kynferðisleg hegðun sem misbýður virðingu einstaklings.
- **Kynbundin áreitni:** Hegðun tengd kyni sem skapar niðurlægjandi eða fjandsamlegar aðstæður.
- **Ofbeldi:** Hegðun sem veldur líkamlegum eða sálrænum skaða eða ógn.

Tilkynningarskylda til lögreglu vegna alvarlegra atvika í skólasamfélaginu

Ef rökstuddur grunur vaknar eða víska er um að eftirfarandi atvik hafi átt sér stað innan skólasamfélagsins, skal málið tafarlaust tilkynnt til lögreglu:

- **Kynferðislegt ofbeldi**
- **Líkamsárás sem veldur alvarlegum meiðslum eða framkvæmd er með hættulegri aðferð**

Alvarleg meiðsl geta t.d. falið í sér:

- Beinbrot
- Tannáverka
- Höfuðmeiðsl
- Áverka á augum

Hættulegar aðferðir fela t.d. í sér:

- Þrengingu að öndunarvegi
- Högg eða spörk í höfuð
- Beitingu eða hótun um beitingu vopns

HVAÐ GERÐIST?

KYNFERÐISOFBELDI



LÖGREGLAN

Munið að skrá öll mál og ákvarðanir sem eru teknar.

Nýlegur atburður

» Hringja í 112.

- Ef starfsmaður eða utanaðkomandi aðili kemur við sögu þarf alltaf að hafa samband við lögreglu.

» Ef þú ert óviss skaltu hringja í lögreglu.

112

EINN EINN TVEIR

Þegar hringt er í **112** þá kemur lögregla að málinu.

Alltaf skal tilkynna til **BARNAVERNDAR**.

Símanúmer



Birtingarmyndir
á kynferðisofbeldi



Leiðarvísir um réttarvörsluferfið
fyrir þolendur kynferðisbrota



Eldri atburður

Ef yngri en 18 ára*

Forsjáaraðili

Biddu þá sem komu að málinu
að segja þér hvað gerðist
(forðist leiðandi spurningar)

Viðbragðsáætlun

Barnavernd

Unnið samkvæmt
verklagsreglum

Eins og skólareglum.

Þættir sem auka alvarleika
er að finna á úrræðasiðunni



Hafa samband
við lögreglu

Það er alltaf hægt að fá
ráðgjöf frá lögreglu.

* Ef grunur er að forsjáaraðilar eða
aðilar tengdir þeim séu gerendur skal
hafa beint samband við lögreglu og
Barnavernd án aðkomu forsjáaraðila.

Ef eldri en 18 ára þá þarf samþykki þeirra
fyrir því að haft sé samband við forsjáaraðila.

ÚRRÆÐI EFTIR ATVIK

Á www.112.is/fr-kynferdisbrot er hægt að finna
úrræði til að benda á og upplýsingar um verkferla.



Allir vinnustaðir þ.m.t. skólar, félagsmiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsstarf þurfa
að vera með stefnu og verklagsreglur sem skilgreina viðbrögð við alvarlegum
atvikum. Erfitt er að bregðast við slíkum málum ef ekki er skýrt hvaða reglur
voru brotnar. Nauðsynlegt er að æfa viðbrögð og yfirfara ferla reglulega.

112 tekur á móti tilkynningum til Barnaverndar og getur haft samband
við bakvakt. Annars er best að hafa samband beint við barnavernd í þínu
sveitarfélagi á skrifstofutíma.

112 veitir samband við lögreglu ef aðstoð vantar á staðinn.

HVAÐ GERÐIST?

VOPNABURÐUR



LÖGREGLAN

Munið að skrá öll mál og ákvarðanir sem eru teknar.

Yfirstandandi atburður

» Hringja í 112.

- Þegar einstaklingur er með vopn eða tól sem hægt er að nota sem vopn.
- Þegar grunur er um vopn eða hótun um að nota vopn.

» Tryggja öryggi og veita fyrstu hjálp ef þarf.

» Starfsfólk á ekki að afvopna ógnandi einstakling.

112

EINN EINN TVEIR

Þegar hringt er í **112** þá kemur lögregla að málinu.

Alltaf skal tilkynna til **BARNAVERNDAR**.

Símanúmer



30. gr. 1. mgr. Vopnaburður á almannaþæri er bannaður. Heimilt er að bera á sér bitvopn þar sem eðlilegt og sjálfsagt getur talist, svo sem við vinnu eða veiðar eða í öðrum tilvikum þegar engin hættu er því samfara. Vopnalög nr. 16/1998

Eldri atburður

Ef yngri en 18 ára*

Forsjáraðili

Bidu þá sem komu að málinu
að segja þér hvað gerðist
(forðist leiðandi spurningar)

Viðbragðsáætlun

Barnavernd

Unnið samkvæmt
verklagsreglum

Eins og skólareglum.

Þættir sem auka alvarleika
er að finna á úrræðasiðunni



Hafa samband
við lögreglu

Það er alltaf hægt að fá
ráðgjöf frá lögreglu.

* Ef eldri en 18 ára þá þarf
samþykki þeirra fyrir því að
haft sé samband við foreldra.

ÚRRÆÐI EFTIR ATVIK

Á www.112.is/fr-vopnaburdur er hægt að finna
úrræði til að benda á og upplýsingar um verkferla.



Allir vinnustaðir þ.m.t. skólar, félagsmiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsstarf þurfa að vera með stefnu og verklagsreglum sem skilgreina viðbrögð við alvarlegum atvikum. Erfitt er að bregðast við slíkum málum ef ekki er skýrt hvaða reglur voru brotnar. Nauðsynlegt er að æfa viðbrögð og yfirfara ferla reglulega.

112 tekur á móti tilkynningum til Barnaverndar og getur haft samband við bakvakt. Annars er best að hafa samband beint við barnavernd í þínu sveitarfélagi á skrifstofutíma.

112 veitir samband við lögreglu ef aðstoð vantar á staðinn.

Ítarlegra:

Almennt um einelti, áreitni og ofbeldi

Birtingarmyndir eineltis, áreitni og ofbeldis eru margvíslegar. Þær geta falist í orðum, látbragði, óvelkominni snertingu eða verið rafrænar, til dæmis á samfélagsmiðlum eða í netsamskiptum.

Einelti	Síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.
Kynbundin áreitni	Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.
Kynferðisleg áreitni	Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
Ofbeldi	Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd svipting frelsis.

Kynferðisbrot	Kynferðisbrot er samheiti hegningarlagabrota sem á einhvern hátt varða kynfrelsi fólks. Hér er átt við brot þar sem gengið er gegn sjálfsákvörðunarrétti fólks varðandi eigið kynlíf, frelsi og friðhelgi. Dæmi um slík brot eru kynferðismök án samþykkis, kynferðisleg áreitni, dreifing og miðlun efnis af nekt og kynferðislegri háttsemi án samþykkis þess sem efnið er af, sífjaspell, samræði við ungmenni (sjá lögin), vændi, lostugt athæfi sem særir blygðunarsemi, klám og framleiðsla og dreifing á barnaníðsefni.
Ofbeldisbrot	Ofbeldisbrot eru hér samheiti hegningarlagabrota sem á einhvern hátt varða brot gegn friðhelgi einkalífsins, ærumeiðingar eða líkamsmeiðingar. Dæmi um slík brot eru hótanir, ofsóknir, líkamsárásir og líkamsmeiðingar (sjá lögin).
Þolandi	Sá sem telur sig verða fyrir EKKO eða ótilhlýðilegri háttsemi.
Gerandi	Sá sem kvörtun um EKKO eða ótilhlýðilega háttsemi beinist að.

Forvarnir

Það er hlutverk nemenda og starfsfólks að lágmarka hættu á EKKO í skólanum.

Stjórnendur skulu ganga á undan með góðu fordæmi og sýna nemendum og starfsfólki tillitssemi, virðingu og umburðarlyndi og stuðla að góðum starfsanda, fylgjast með samskiptum nemenda og starfsfólks og taka á ágreiningsmálum.

Skólameistari tryggir að reglulega fari fram áhættumat skv. 4. gr. reglugerðar nr. 1009/2005 um aðgerðir gegn EKKO.

Allir nemendur og allt starfsfólk eiga að þekkja og virða stefnu Menntaskólans á Tröllaskaga gegn EKKO og vera meðvitað um hegðun sína og stuðla að því að tekið sé á ágreiningsmálum.

Starfsfólk og nemendur ættu að benda á það sem betur má fara í skólanum og stuðla að jákvæðri skólamenningu sem byggist á trausti og gagnkvæmri virðingu. Stjórnendur bera ábyrgð á því að áætlunin sé höfð í hávegum og að annað hvert ár sé hún uppfærð, boðið sé árlega upp á símenntun starfsfólks um viðfangsefnið sem og fræðslu til nemenda.

Niðurstöður úr könnunum um líðan starfsfólks, kennslukönnunum og Framhaldsskólapúlseinum eru nýttar í vinnu gegn EKKO í skólanum. Þar eru lykilaðilar innan skólans: heilsu- og forvarnarteymi, fagteymi ofbeldismála og sjálfsmatsteymi.

Í námsframboði skólans skal leitast við að hafa áfanga í boði á hverri önn skv. aðalnámskrá framhaldsskóla sem leggja áherslu á öryggi, samskipti og mörk, kynheilbrigði, jákvæða sjálfsmynd og geðrækt.

Einelti

Siendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.

Einelti er einstaklingsbundin upplifun. Einelti er alvarlegt mál sem stjórnendum og samstarfsfólki ber skylda til að taka á. Kvörtunum um einelti þarf alltaf að taka alvarlega.

Dæmi um birtingarmyndir eineltis:

- Baktal, slúður
- Særandi orð
- Hörð gagnrýni
- Einangrun, útilokun
- Misræmi í úthlutun verkefna
- Leyna upplýsingum
- Skemmdarverk
- Geðheilsan dregin í efa
- Líkamlegt
- Stafrænt

Starfsfólk og starfstengdar athafnir

Hér koma dæmi um hvers konar athafnir eða atferli getur verið um að ræða sem valda því að þolandi upplifir að hann sé lagður í einelti en hægt er að skipta einelti í þrjá meginþætti:

Starfstengdar athafnir

- Þegar grafið er undan faglegri hæfni starfsmanns eða frammistöðu hans
- Þegar starfsmaður er hafður undir stöðugu eftirliti og leitað eftir mistökum
- Þegar starfs- eða verkefna tengdum upplýsingum er haldið frá starfsmanni
- Þegar geðþóttakenndar breytingar verða á verksviði starfsmanns
- Ábyrgð er tekin af starfsmanni án þess að það sé rætt við hann

Félagsleg útskýfun

- Starfsmaður er markvisst sniðgenginn og útilokaður frá starfshópnum og félagslífinu

Særandi stríðni og niðurlæging

- Niðrandi athugasemdir eða dylgjur

- Endurteknar skammir eða hótanir
- Slúður og baktal
- Endurtekin stríðni

Vísbendingar um einelti

Mikilvægt er að nemendur, foreldrar og kennarar séu meðvitaðir ef breytingar verða á líðan og hegðun einstaklings og ber að skoða hvort hugsanlegt sé að viðkomandi upplifi að hann verði fyrir einelti. Afleiðingar geta lýst sér sem almenn vanlíðan og því mikilvægt að ræða við hlutaðeigandi um hvað hann telji að valdi breytttri líðan eða hegðun. Líkamleg og sálræn einkenni geta komið fram og þróast út í mjög alvarleg einkenni sé ekkert að gert.

Sálrænar afleiðingarnar- dæmi:

- Kvíði eða þunglyndi
- Miklar skapsveiflur
- Ótti eða örvænting
- Minnimáttarkennd eða minnkað sjálfsálit
- Andúð á skóla eða vinnu
- Félagsleg einangrun eða öryggisleysi
- Biturð eða hefndarhugur
- Sjálfsvígshugleiðingar

Líkamlegar afleiðingar- dæmi:

- Svefnleysi eða svefnórói
- Höfuðverkur eða vöðvabólga
- Hjartsláttartruflanir, skjálfti eða svimi
- Þreytutilfinning eða sljóleiki

Hafa ber í huga að það er ekki einungis sá sem verður fyrir eineltinu sem skaðast. Fjölskylda þolanda finnur oft fyrir miklu álagi þar sem afleiðingar eineltis geta haft svo víðtæk áhrif. Þar sem einelti er látið viðgangast í skóla eða á vinnustað getur það einnig haft umtalsverð áhrif á þá sem þar starfa og mótað þann vinnuanda sem ríkir. Það er því ábyrgð allra þeirra sem verða varir við einelti af einhverju tagi að koma ábendingum þar um til rétttra aðila til að hægt sé að vinna með málið.

Áreitni

Áreitni er ágengni og átroðningur. Það að sýna einhverjum óvelkomna athygli og óska eftir samskiptum við einhvern sem kærir sig ekki um slíkt. Áreitni getur verið bæði kynferðisleg og/eða kynbundin.

Kynferðisleg áreitni

Í 2. gr. laga um [jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#) er að finna orðskýringar og skilgreiningar með lögunum en þar segir:

Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu þess sem fyrir henni verður, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg. Sérhver einstaklingur verður sjálfur að meta hvaða framkomu hann umber og frá hverjum. Það er alltaf huglægt mat hvort framkoman er kynferðisleg eða ekki. Daður telst ekki vera kynferðisleg áreitni nema hegðunin sé óvelkomin, hvorki gagnkvæm né á jafnréttisgrundvelli.

Dæmi um birtingarmyndir kynferðislegrar áreitni:

- Að fara inn á persónulegt rými einstaklings, eins og að halla sér yfir eða króa af
- Óvelkomin snerting, káf og þukl
- Óvelkomin faðmlög, kossar, klapp eða strokur
- Líkamlegt ofbeldi til dæmis að slá, hrista eða rassskella
- Óvelkomið kynferðislegt eða kynbundið grín, stríðni, spurningar eða athugasemdir varðandi klæðnað eða útlit starfsfólks
- Persónulegar spurningar um kynlíf og þrýstingur um kynferðislegan greiða
- Einstaklingur er beðinn um að klæðast á óviðeigandi hátt
- Boð á stefnumót í óþökk einstaklings
- Óvelkomnar kynferðislegar augngotur eða önnur hegðun sem gefur eitthvað kynferðislegt til kynna
- Það að hengja upp veggspjöld, dagatöl eða myndefni sem inniheldur kynferðislegt efni eða niðurlægja annað kynið
- Senda eða sýna kynferðislegt efni til dæmis í gegnum samskiptaforrit

Kynbundin áreitni

Í 2. gr. laga um [jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#) er að finna orðskýringar og skilgreiningar með lögunum en þar segir:

Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

Dæmi um kynbundna áreitni getur verið:

- Óviðeigandi talsmáti eða framkoma sem tengist kyni og kynhneigð fólks
- Niðurlæging, til dæmis vegna aldurs eða kyns
- Lítilækkandi athugasemdir um kyn einstaklings og getu hans/hennar/þeirra.
- Almennt neikvætt viðhorf um ákveðið kyn á vinnustaðnum

Ofbeldi

Ofbeldi er hvers kyns hegðun sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður. Einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennd frelsissvipting.

Ofbeldi á sér margar birtingarmyndir og getur þannig verið andlegt, líkamlegt, kynferðislegt, eltihreilir, fjárhagslegt ofbeldi, stafrænt ofbeldi og ofbeldi sem felur í sér mismunun.

Dæmi um ofbeldi:

- Þegar einhver meiðir, til dæmis sparkar, lemur, kýlir, hrindir eða klípur
- Hótun um að meiða
- Kynferðislegt ofbeldi er þegar einhver káfar á öðrum einstaklingi, fær hann til að gera eitthvað kynferðislegt sem hann vill ekki gera
- Fjármunum haldið frá fólki og eða þeir notaðir í ósamræmi við vilja fólks
- Kynferðisleg áreitni með orðum og látbragði er líka ofbeldi
- Þegar tæki eða tækni eru notuð til að fylgjast með öðrum einstaklingi, ógna, áreita eða niðurlægja
- Einangra viðkomandi frá öðrum einstaklingi, fylgjast með eða stjórna samskiptum við aðra
- Þegar tæki eða tækni, svo sem sími, spjaldtölva, tölva eða samfélagsmiðlar eru notaðir til að að áreita, beita ofbeldi, ofsækja, niðurlægja eða ógna
- Hunsun, að uppnefna fólk og/eða öskra á það

Í 2. gr. laga um [jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020](#) er að finna orðskýringar og skilgreiningar með lögunum en þar segir:

Kynbundið ofbeldi: Ofbeldi á grundvelli kyns sem leiðir til eða gæti leitt til líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjáninga þess sem fyrir því verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.

Kynferðis- og ofbeldisbrot

Kynferðis- og eða önnur ofbeldisbrot líðast ekki innan skólans. Allar tilkynningar um slík brot skal taka alvarlega og **óheimilt** er að afgreiða ætluð brot innan skólans. Með hugtakinu kynferðisbrot er átt við þá háttsemi sem lýst er [refsiverðri í XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940](#) og í barnaverndarlögum nr. 80/2002. Með hugtakinu ofbeldisbrot er lýst refsiverðum brotum skv. XXIII. og XXV. kafla [almennra hegningarlaga nr. 19/1940](#).

Ef nemandi verður fyrir kynferðis- eða ofbeldisbroti í skólastarfi

Ef grunur vaknar um að barn eða ungmenni hafi orðið fyrir kynferðisbroti eða öðru ofbeldisbroti í skólastarfi skal það tilkynnt til án tafar. Ef meintur gerandi er starfsmaður í starfi skal hafa beint samband við skólameistara.

☐	Tryggja þarf öryggi barns/ungmennis.
☐	Skóli gerir barnaverndaryfirvöldum (ef nemandi yngri en 18 ára) og lögreglu viðvart í síma 112.
☐	Skólinn gerir fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga og skólameistara skólans einnig viðvart.
☐	Skólameistari eða fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga skal hafa samband við foreldra/forráðendur ungmennis (ef ungmenni er yngri en 18 ára) og greina þeim frá atburðum – nema að barnaverndaryfirvöld eða lögregla gefi fyrirmæli um annað.

Sé langt um liðið frá meintu broti getur það verið fyrnt, en skal engu að síður tilkynnt til viðeigandi aðila. Barnaverndarnefnd getur skoðað slík mál samkvæmt 35. gr. barnaverndarlaga og lagt fram tillögur að niðurstöðu.

Ef starfsmaður er grunaður um kynferðislegt eða annað ofbeldi gagnvart barni eða ungmenni skal skólameistari tafarlaust leysa hann tímabundið frá störfum meðan rannsókn stendur yfir. Þegar niðurstöður frá lögreglu eða barnavernd liggja fyrir er tekin ákvörðun um hvort starfsmanni verði heimilað að starfa áfram. Álit barnaverndaryfirvalda og fagráðs ofbeldismála skal haft til hliðsjónar áður en ákvörðun er tekin.

Eftir að málið hefur verið tilkynnt sjá barnaverndaryfirvöld og lögregla um meðferð þess. Skólinn hefur ekki frekari afskipti nema þess sé óskað.

Skólameistari tryggir að málið fái viðeigandi meðferð samkvæmt landslögum og verklagsreglum skólans. Fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga tekur við kvörtunum, leiðbeinir þolendum um ferlið og veitir stuðning eftir þörfum.

Ef starfsmaður verður fyrir kynferðis- eða ofbeldisbroti í skólastarfi

Ef grunur vaknar um að starfsmaður skólans hafi orðið fyrir kynferðisbroti eða ofbeldisbroti í skólastarfi skal það tilkynnt til skólameistara án tafar.

☐	Skólameistari gerir lögreglu viðvart í síma 112.
☐	Ef einhver hlutaðeigandi er yngri en 18 ára skal barnaverndaryfirvöldum einnig gert viðvart.

Kynferðis- eða ofbeldisbrot utan skólastarfs

Ef grunur vaknar innan skólans um kynferðis- eða ofbeldisbrot utan skólastarfs, eða ef langt er liðið frá meintu broti, skal meta allar upplýsingar. Þótt brotið kunni að vera fyrnt skal það engu að síður tilkynnt til viðeigandi aðila. Barnaverndarnefnd getur skoðað slík mál samkvæmt 35. gr. barnaverndarlaga og lagt fram tillögur að úrlausn.

Ef þolandi er starfsmaður eða nemandi eldri en 18 ára skal hann fá stuðning við að taka ákvörðun um næstu skref á eigin forsendum.

Ef málið varðar nemanda yngri en 18 ára skal það unnið í samræmi við barnaverndarlög. Skólameistari, í samráði við fagteymi ofbeldismála, tekur ákvörðun um tilkynningu til barnaverndaryfirvalda, ávallt með hagsmuni nemandans í fyrirrúmi. Heimilt er að leita ráða hjá Barna- og fjölskyldustofu um hvort tilkynna þurfi málið.

Viðbragðsáætlun

Allir starfsmenn Menntaskólans á Tröllaskaga eiga að þekkja viðbragðsáætlun þessa, vera meðvitaðir um hegðun sína og stuðla að því að tekið sé á ágreiningsmálum strax. Stjórnendur skulu kynna viðbragðsáætlunina fyrir nýju starfsfólki og sjá til þess að hún sé höfð í hávegum á vinnustaðnum. Áætlunin skal rifjuð upp reglulega á starfsmannafundum og vera aðgengileg öllum.

Tilkynning

Nemandi, starfsmaður eða foreldri sem verður vitni að EKKO skal tilkynna það til:

- Tilkynningahnapps á heimasíðu skólans.
- Kennara, námsráðgjafa, stjórnenda eða annarra starfsmanna skólans.

Í samræmi við EKKÓ leiðarvísi skal tryggja að allar tilkynningar séu skráðar í sérstakt skjalakerfi með ábyrgðaraðilum.

Almennt fer náms- og starfsráðgjafi með rannsóknarathugun máls þegar málin varða nemendur en hann getur leitað til fagteymis ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga meðan á óformlegri vinnslu stendur.

Ef málið varðar nemenda eða nemendur yngri en 18 ára ber að huga að tilkynningaskyldu til barnaverndar skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002. Ef málið fer í formlega vinnslu (staðfestur grunur) eru foreldrar alltaf upplýstir.

Óformleg vinnsla

ef upp kemur grunur en ekki búið að setja í formlegan farveg eða vinnslu

Ef grunur kemur upp en málið er ekki sett í formlegan farveg:

- Fylgst skal með samskiptum innan hópsins og nemenda í kennslustundum og utan þeirra.
- ***Skoða þarf sérstaklega rafræn samskipti nemenda í samræmi við ábendingar úr EKKÓ leiðarvísi.***
- Ræða skal við nemendur og foreldra á óformlegan hátt.
- **Upplýsingar skulu skráðar og ákvörðun tekin um framhald í samráði við námsráðgjafa.**

Ítarlegra:

- Taka hvert mál til athugunar. Mjög oft fara vísbendingar fram hjá fagfólki, þrátt fyrir bestu fyrirætlanir og oft kraumar eitthvað undir yfirborðinu meðal einstaklinganna eða hópsins í heild.
 - Fylgjast sérstaklega með samskiptum milli viðkomandi aðila, og hópsins í heild, í kennslustund og utan hennar áður en ákvörðun um framhaldið er tekið. Hversu lengi er fylgst með áður en tekin er ákvörðun um framhaldið ræðst af alvarleika málsins. Mikilvægt er að vinna málið hratt en faglega.
 - Skoða þarf sérstaklega hvernig rafrænum samskiptum er háttað, bæði á milli viðkomandi aðila sem og hópsins í heild. Það fer gjarnan fram hjá fullorðnum en getur haft mikil neikvæð áhrif á samskipti.
 - Ræða óformlega við nemendur (án þess að nefna orðið einelti, áreitni eða ofbeldi eða ákveðna aðila/aðstæður/samskipti), bæði þá nemendur sem um ræðir og aðra í hópnum.
 - Ræða óformlega við foreldra þeirra (sé um að ræða ungmenni yngri en 18 ára) sem við á (án þess að nefna orðið einelti, áreitni eða ofbeldi).
 - Skoða samskipti í hópnum heildrænt.
 - Leggja fyrir tengslakönnun ef þurfa þykir.
 - Ráðfæra sig við aðra fagaðila, t.d. kennara, stjórnendur og annað starfsfólk.
 - Halda skráningu yfir það sem er gert.
 - Taka ákvörðun um framhaldið:
1. Málið metið einfalt í vinnslu og/eða liggur ljóst fyrir -> Vinna með samskipti og líðan eftir því sem þurfa þykir, einstaklinga sem og hópinn. Upplýsa foreldra eftir því sem við á. => Ábyrgð: Náms- og

starfsráðgjafi

2. Málið metið flóknara og/eða liggur ekki ljóst fyrir -> Setja málið í formlega vinnslu, í samráði við foreldra viðkomandi nemanda (ef yngri en 18 ára) og nemandann sjálfan.=> **Ábyrgð: fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga**

Formleg vinnsla

Þegar formleg tilkynning kemur inn og/eða ákvörðun tekin um formlega vinnslu í fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga

Ef mál er sett í formlegan farveg:

- **Hafa skal skýran gátlista með ábyrgðaraðilum og tímalínu fyrir öll skref.**
- ***Skólinn skal tryggja að nemendur og foreldrar fái skýra og reglulega upplýsingagjöf í samræmi við ábendingar frá EKKÓ leiðarvísi.***
- Viðbragðsáætlun skal fela í sér lausnarpæpi þar sem unnið er með hegðun og líðan nemenda í samvinnu við foreldra.

Ítarlegra:

Mikilvægt óháð þrepi

- Hafa skýrt hverjir sitja í teymi sem tekur mál í formlega vinnslu.
- Halda skráningu yfir allt sem gert er.
- Hafa gátlista sem hægt er að fylgja.
- Hafa mjög skýrt hver er ábyrgðaraðili yfir málinu og hverju verki fyrir sig, t.d. halda utan um skráningar, samskipti við foreldra o.þ.h.
- Skráning í skjalavistunarkerfi skólans
- Hafa skýra tímalínu á hverju þrepi fyrir sig, sérstaklega er mikilvægt að hafa hámarkstíma á könnunarþrepi. Upplýsa foreldra um tímalínu og ef fyrirséð er að hún breytist. Mikilvægt er að vinna málið hratt en faglega.
- Upplýsa nemendur (aðila máls) og foreldra reglulega (ef aðilar yngri en 18 ára).
- Hafa samráð við nemendur, bæði þá sem myndu flokkast sem meintir þolendur og meintir gerendur.
- Hafa samráð við foreldra, bæði þolenda og gerenda.
- Upplýsa starfsfólk skólans, áhersla á að fylgjast með, safna upplýsingum og grípa inn í ef þurfa þykir.
- Mikilvægt er að hengja sig ekki í skilgreiningar heldur einblína á að leysa málið með hag og líðan nemenda að leiðarljósi.

Könnunarprep/grunur um EKKO

- Öll mál eru tekin til athugunar, þrátt fyrir að þau líti ekki út fyrir að vera alvarleg. Það er mjög oft sem eitthvað fer fram hjá fagfólki þrátt fyrir bestu fyrirætlanir og mjög oft kraumar eitthvað undir yfirborðinu.
- Skoða þarf sérstaklega hvernig rafrænum samskiptum er háttað, bæði á milli viðkomandi aðila sem og hópsins í heild. Það fer gjarnan fram hjá fullorðnum en getur haft mikil neikvæð áhrif á samskipti.
- Upplýsa foreldra málsaðila og boða á fund eins fljótt og auðið er. Athuga að í einstaka tilvikum getur verið nauðsynlegt að fagfólk geti fylgst með samskiptum í 1-2 daga áður en foreldrar/viðkomandi nemendur eru upplýstir, til að koma í veg fyrir að nemendur setji upp sparihegðun rétt á meðan verið er að kanna málið, með því skilyrði að öryggi sé að sjálfsögðu tryggt og gripið inn í ef þarf.
- Ræða við málsaðila einstaklingslega.
- Ræða við samnemendur, ef það er metið hjálplegt, einstaklingslega.
- Skoða málið heildrænt, meta skólabraginn og menninguna í kringum málsaðila.
- Skoða félagslega stöðu allra málsaðila, meintra gerenda sem og þolenda.
- Leggja tengslakönnun fyrir hópinn.
- Koma strax í veg fyrir þætti sem hægt er að stoppa eins og t.d. áreiti í kennslurými skólans, mötuneyti, búningssklefa o.fl.
- Senda strax skýr skilaboð um að óæskileg hegðun sé ekki liðin.

Lausnaprep/aðgerðaáætlun

- Hafa samráð við foreldra (ef málið varðar nemanda eða nemendur yngri en 18 ára) og nemendurna sjálfa varðandi mögulegar lausnir.
- Leggja áherslu á að allir aðilar fái tækifæri til að taka ábyrgð á eigin hegðun og komast frá málinu með reisn.
- Vinna með skólabraginn og menninguna í kringum einstaklingana.
- Finna viðeigandi leiðir og úrræði til að vinna með líðan og hegðun málsaðila, óháð alvarleika málsins, hvort sem það er innan skólans eða utan, í samráði við foreldra og nemendurna sjálfa. Hugsa út fyrir kassann.
- Þó vandi birtist að mestu utan skólans, t.d. með rafrænum hætti, þá er **sá vandi nátengdur skólanum, ef um er að ræða skólafélaga.**

- Muna að sama hvað vandinn heitir þarf að vinna með hann, vinna með samskipti og líðan eftir því sem þarf. Einstaklinga og hópinn í heild.

Eftirfylgni

- Halda stöðufundi með málsaðilum og foreldrum (ef yngri en 18 ára) með reglulegu millibili, þó að það virðist ganga vel. Mikilvægt er að sofna ekki á verðinum.
- Taka mál aftur upp á lausnærep séu aðgerðir ekki að skila árangri.
- Ákveða hversu lengi haft verður sérstakt aðhald og eftirfylgd áður en metið verður hvort óhætt sé að loka málinu.
- Ákveða með hvaða hætti máli verður formlega lokað þegar ekki er þörf á frekara aðhaldi eða inngripi.
- Ef um einelti er að ræða sem ekki tekst að leiða til lykta með aðgerðum skólans skal málinu vísað til Fagráðs eineltismála í framhaldsskólunum:

<https://mms.is/fagrad-eineltismala-i-grunn-og-framhaldsskolum-0>

Ferli vegna starfsfólks

Tilkynning

Starfsmaður sem verður fyrir eða verður vitni að EKKO skal:

- **Tilkynna til næsta yfirmanns, trúnaðarmanns eða öryggistrúnaðarmanns.**
- Skólameistari ber ábyrgð á að viðkomandi fái stuðning og að málið sé unnið í samræmi við verklagsreglur.

Ef skólameistari er vanhæfur skal málinu vísað til utanaðkomandi sérfræðinga.

Ítarlegra:

Ef ofangreindir aðilar fá vitneskju um EKKO skulu þeir strax upplýsa skólameistara sem bregst við samkvæmt viðbragðsáætlun. Almennt fer skólameistari með rannsókn máls en hann getur leitað lausna til utanaðkomandi fagaðila. Skólameistari ræðir við meintan þolanda um tilkynningu og metur í samvinnu við hann næstu skref. Ef skólameistari er vanhæfur til að taka að sér rannsókn máls er því strax vísað til Fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólunum eða utanaðkomandi aðila.

Óformleg málsmeðferð

- Skólameistari gerir hlutlausa athugun á málsatvikum. Hann ræðir bæði við meintan þolanda og meintan geranda og fær upplýsingar sem eiga að varpa ljósi á aðstæður.
- Meintum þolanda og meintum geranda er veittur stuðningur með trúnaðarsamtali af hendi skólameistara.
- Meintum þolanda og meintum geranda er gefinn kostur á sálfræðiaðstoð á meðan rannsókn stendur yfir.
- Skólameistari vinnur í því að koma samskiptum aftur í viðunandi horf og að öllum líði vel á vinnustaðnum.
- Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir.
- Ef niðurstaða skólameistara er sú að ástæða sé til frekari úrvinnslu er málinu vísað í formlega málsmeðferð.

Formleg málsmeðferð

Þessa leið ber að fara ef niðurstaða óformlegrar athugunar leiðir í ljós að ástæða er til frekari úrvinnslu.

Upplýsingagjöf

- Tilkynna skal meintum geranda og meintum þolanda um að formleg úrvinnsla fari fram. Þeim skal boðið upp á sálfræðiaðstoð.
- Næsti yfirmaður og fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga skulu upplýst um málið eftir atvikum og taka þátt í rannsókn málsins. Aðrir skulu ekki upplýstir nema nauðsyn krefji.

Rannsókn máls

- Rannsakandi máls gerir hlutlausa athugun á málsatvikum. Hann ræðir bæði við meintan þolanda og meintan geranda og fær upplýsingar sem eiga að varpa ljósi á aðstæður. Hann leitar upplýsinga um tímasetningar og önnur gögn ef einhver eru, svo sem tölvupósta, smáskilaboð eða annað. Hann ræðir einnig við vitni eða samstarfsfólk ef þurfa þykir.
- Ef niðurstaða rannsóknar leiðir í ljós að EKKO sé talið hafa átt sér stað þarf að ákveða hvaða aðgerða skal grípa til.

Aðgerðir

- Skólameistari leitar lausna sem m.a. geta falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi.
- Skólameistari vinnur í því að koma samskiptum aftur í viðunandi horf og að öllum líði vel á vinnustaðnum.

- Ef EKKO er talið hafa átt sér stað og mál telst alvarlegt skal áminna geranda eða eftir atvikum segja honum upp.
- Láti gerandi ekki segjast eftir áminningu og viðheldur hegðun sinni leiðir það til uppsagnar hans úr starfi skv. lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Meintum geranda skal þó ávallt gefinn kostur á að skýra sína hlið áður en til svo alvarlegra ráðstafana er gripið.
- Sé mál talið alvarlegt skal benda þolanda á að leita til lögreglu

Ef aðilar málsins eru ekki sáttir við úrlausn sinna mála innan stofnunarinnar geta þeir leitað aðstoðar stéttarfélags síns, Vinnueftirlits ríkisins eða Fagraðs eineltismála í framhaldsskólum. Ef þörf þykir á er samstarfsfélögum veittur viðeigandi stuðningur eða önnur aðstoð sem á við hverju sinni.

Skólameistari sér um að halda utan um allar upplýsingar sem koma fram, hvort sem um óformlega eða formlega leið er að ræða. Hann vistar þær í skjalavistunarkerfi skólans. Upplýsingar sem verða til og varða aðila þess skulu vera aðgengilegar viðkomandi aðilum. Tekið verður á fölskum ásökunum um EKKO í samræmi við starfsmanna- og stjórnsýslulög.

Eftirfylgni

Skólameistari fylgist áfram með líðan málsaðila og aðstæðum. Skólameistara ber að fylgjast með aðstæðum og líðan geranda og þolenda og veita viðeigandi upplýsingar, aðstoð og hjálp. Stuðningur við þolendur og gerendur þarf að miðast við hversu alvarlegt atvikið hefur verið og mun Menntaskólinn á Tröllaskaga koma til aðstoðar með því að benda á ráðgjafa, geðlækni eða sálfræðihjálp ef þess gerist þörf. Kanna þarf síðan árangur aðgerða og endurskoða þær ef ástæða þykir.

Gildistími og ábyrgð

Viðbragðsáætlun er endurskoðuð á tveggja ára fresti og í samræmi við reynslu af vinnslu mála sem tilkynnt er um á vinnustaðnum.

Fagteymi ofbeldismála Menntaskólans á Tröllaskaga heldur utan um gerð þessarar stefnu og ábyrgist uppfærslu hennar.

Uppfærslu stefnunnar skal bera undir nemendur og starfsfólk skólans.

Áætlunin var uppfærð 28. apríl 2025

Aðgát skal höfð í nærveru sálar

Gagnlegt efni

112.is - kynferðilegt ofbeldi og áreitni:

<https://www.112.is/kynferdislegt-ofbeldi-og-areitni>

112.is - netöryggi: <https://www.112.is/netoryggi>

112.is - ofbeldi - fræðsla fyrir unglinga: <https://www.112.is/unglingar-fraedsla>

112.is - ofbeldi í nánum samböndum: <https://www.112.is/ofbeldi>

112.is - stoppum ofbeldishegðun: <https://www.112.is/komum-i-veg-fyrir-ofbeldi>

112.is - úrræði gegn ofbeldi á landsbyggðinni: <https://www.112.is/urraedi>

Aflið. Samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi: <https://aflidak.is/>

Allir eiga rétt: kennsluefni um réttindi, skyldur, samstöðu og umburðarlyndi:

<https://www1.mms.is/unicef/>

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. <https://www.barnasattmali.is/>

Bjarmahlíð - miðstöð fyrir þolendur ofbeldis: <https://bjarmahlid.is/>

Býrð þú við ofbeldi? bæklingur á íslensku, ensku og pólsku.

https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/Rit_2013/VEL-Ofbeldi-NET.pdf

Leiðarvísir um viðbrögð framhaldsskóla við EKKO málum nemenda:

<https://stoppofbeldi.namsefni.is/3d-flip-book/leidarvisir-um-vidbrogd-framhalds-skola-vid-ekko-malum-nemenda/>

Ingólfur V. Gíslason (2008). Ofbeldi í nánum samböndum - orsakir-afleiðingar- úrræði. Reykjavík: Gutenberg

Jafnréttisstofa. Netnámskeið fyrir fagfólk um heimilisofbeldi:

<https://www.jafnretti.is/von/fraedsla/netnamskeid>

Jafnréttisstofa. Útvarpsþátturinn Kverkatak: þar er rýnt í heimilisofbeldi, eðli þess, áhrif og afleiðingar.

<https://www.jafnretti.is/von/fraedsla/utvarpsthaturinn-kverkatak>

Jafnréttisstofa. Vitundarvakningar myndbönd um heimilisofbeldi:

<https://www.jafnretti.is/von/upplysingar/vitundarvakningar-myndbond>

Karen Nóadóttir (2021). Hvað kom fyrir þig? Áfallamiðuð nálgun í framhaldsskólum. <https://skemman.is/handle/1946/39041>

Kvennaathvarf: <https://www.kvennaathvarf.is/>

Leiðin áfram. Vitundarvakning um kynferðislegt, andlegt og líkamlegt ofbeldi.

Myndbönd fyrir brotþola, farið í ferlið innan réttarvörslukerfisins:

<https://www.stjornarradid.is/verkefni/felags-og-fjolskyldumal/malefni-barna/ofbeldi-gegn-bornum-fraedsluefni/leidin-afram/>

Mannasiðir. Kvikmynd.

<https://www.ruv.is/sjonvarp/spila/mannasidir/27634/87h791>

Ofbeldi gegn börnum - hlutverk skóla. Handbók fyrir starfsfólk:

https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ofbeldi_gegn_bornum/

Sjúkást. Síða Sígamóta: <https://sjukast.is/>

Stopp ofbeldi! safnvefur með kennsluefni:

<https://stoppofbeldi.namsefni.is/framhaldsskolinn/>

Vinnueftirlitið. Félagslegt vinnumhverfi:

<https://vinnueftirlitid.is/vinnumhverfi/oryggi-heilbrigdi/felagslegir-og-andlegir-taettir>

Heimildir

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1940019.html>

Barnaverndarlög nr. 80/2002. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html>

Fagráð eineltismála í framhaldsskólunum:

<https://mms.is/fagrad-eineltismala-i-grunn-og-framhaldsskolum-0>

Gegn einelti: <https://gegneinelti.is/>

Leiðbeiningar fyrir starfsfólk: Enginn á að sætta sig við einelti, áreitni, ofbeldi.

Bæklingur Vinnustaðaeftirlitsins:

<https://wp.vinnueftirlitid.is/wp-content/uploads/2021/09/enginn-a-ad-saetta-sig-vid-einelti-areitni-ofbeldi.pdf>

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020:

<https://www.althingi.is/altext/151/s/0676.html>

Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/1996070.html>

Reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni,

kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:

<https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=a2ce9f38-25e2-4cdf-9ceb-db345e791f80>

SÆTTUM OKKUR EKKI VIÐ einelti, áreitni, ofbeldi. Bæklingur

Vinnustaðaeftirlitsins:

https://wp.vinnueftirlitid.is/wp-content/uploads/2021/09/saettum_okkur_ekki_vid_einelti_areitni_ofbeldi.pdf

Stopp ofbeldi: <https://stoppofbeldi.namsefni.is/framhaldsskolinn/>

Vinnueftirlitið, Félagslegt umhverfi:

<https://vinnueftirlitid.is/vinnuumhverfi/oryggi-heilbrigdi/felagslegir-og-andlegir-thaettir>
